

## Innleiðing nýrra matseðla og áhrif á orku- og próteinneyslu skurðsjúklinga Landspítala Íslands

Áróra Rós Ingadóttir meistaranemi í næringarfræði  
Rannsóknarstofa í næringarfræði

Ingibjörg Gunnarsdóttir prófessor í næringarfræði  
Forstöðumaður næringarstofu við Landspítala

Heiða Björg Hilmisdóttir næringarrekstrarfræðingur  
Deildarstjóri eldhúss Landspítala

**Inngangur:** Stór hluti sjúklinga á sjúkrahúsum eru vannærðir. Vannæring getur tafið bataferlið, lengt sjúkrahúslegu og aukið hættu á sýkingum. Breytingar hafa verið gerðar á matseðli Landspítalans með það að markmiði að matseðlarnir henti ástandi sjúklinga betur, auki val þeirra og bæti nýtingu matar.

**Markmið:** Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort innleiðing nýrra matseðla tengist breyttri orku- og próteinneyslu skurðsjúklinga borið saman við fyrri rannsókn frá haustinu 2011. Eins verður kannað hvort nýir matseðlar leiði til betri nýtingu matar og ánægju sjúklinga.

**Aðferðir:** Þátttakendur voru sjúklingar ( $n=93$ ) sem lögðust inn á hjarta- og lungnaskurðeild á Landspítala. Næringarástand var metið með gildismetnu 7 spurninga skimunareyðublaði. Gildismetnið 4 punkta skráningarblað var notað til þess að meta neyslu sjúklinga og bera saman við orku- og próteinþörf. Orku- og próteinþörf var áætluð út frá neðri mörkum gilda miðað við klínískar leiðbeiningar um næringu sjúklinga (25 kkal/kg/dag og 1,2 grömm prótein/kg/dag, miðað við kjörþyngd). Viðhorf til matarins var kannað með gildismetnum spurningalista.

**Niðurstöður:** Eftir breytingar á matseðlum er orkuinntaka sjúklinga marktækt meiri en hún var áður ( $1455\pm 389$  kkal borið saman við  $1324\pm 409$  kkal). Próteininntaka er sambærileg ( $60,4\pm 17,2$  grömm borið saman við  $60,3\pm 19,2$  grömm). Flestir voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með þann mat sem þeir fengu, ánægja með matinn var þó ekki tengd meiri orkuneyslu.

**Ályktun:** Að meðaltali er orkuneysla sjúklinga nær því að ná ráðleggingum um orkuþörf miðað við fyrri rannsókn. Litlar breytingar urðu hinsvegar á próteinneyslu og því mikilvægt að leggja meiri áherslu á próteinríkara fæði. Við hvetjum til frekari rannsókna sem hafa það markmið að bæta næringarástand sjúklinga.